



Grænt bókahald aflþynnuverksmiðju

Becromal Iceland ehf.

Skýrsla ársins 2016



Apríl 2017, Akureyri

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	1
1 SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR	1
2 STAÐFESTING ENDURSKOÐUNAR	2
3 ALMENNT UM AFLÞYNNUVERKSMIÐJU BECROMAL ICELAND	3
ALMENN LÝSING STAÐSETNINGAR	3
REKSTUR OG STJÓRN	4
STARFSLEYFI BECROMAL ICELAND EHF.....	4
4 LÝSING FRAMLEIÐSLUFERLA	5
5 SKÝRINGAR Á UMHVERFISÞÁTTUM	9
FRÁRENNSLI	9
VATN OG SJÓR	9
LOFTMENGUN.....	10
HÁVAÐI	10
FASTUR ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI	10
6 VÖKTUN FRÁRENNSLIS	13
7 FRAMFARIR OG MARKMIÐ Í UMHVERFISMÁLUM	16

1 SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR


Framkvæmdastjórn Becromal Iceland ehf. staðfestir hér með að allar upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu eru réttar og lagðar fram eftir okkar bestu vitund. Upplýsingarnar eiga að gefa nákvæmt yfirlit yfir starfsemi verksmiðjunnar.

Þann 24. mars 2014 fékkst vottun á umhverfisstjórnunarkerfi Becromal skv. ISO 14001 frá DnV, Divison North and West Europe, með höfuðstöðvar í Osló.

Vinna við vottun á ISO 14001:2015 hófst í apríl 2017. Lokaúttekt mun fara fram 6. júní 2017 og er vottunaraðili DNV GL Germany. Becromal Iceland verður síðan hluti af umhverfis, öryggis og orkunýtingarstjórnun EPCOS, sem er fyrirtæki í eigu TDK Group.

Þessi skýrsla inniheldur grænt bókhald Becromal Iceland ehf. og hefur verið gerð með hliðsjón af reglugerð Nr. 851/2002, sbr. staðfestingu þar á í næstu blaðsíðu.

Akureyri, 27.04.2017



Emanuele Saiu

Framkvæmdastjóri Becromal Iceland ehf.



Rúnar Sigurpálsson

Fjármálastjóri Becromal Iceland ehf.


2 STAÐFESTING ENDURSKOÐUNAR

Undirritaður hefur endurskoðað þessa skýrslu Becromal Iceland ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2016 og rýnt eftirfarandi þætti:

- Hvort skýrsla um grænt bókhald innihaldi þær upplýsingar sem hún á að innihalda skv. 6., 7. og 8. gr. rg. 851/2002.
- Hvort þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru séu í samræmi við gögn úr fjárhagsbókhaldi og vöktun fyrirtækisins á lykiltölum í umhverfismálum.

Grænt bókhald er í samræmi við kröfur rg. 851/2002.

Reykjavík, 27.04.2017



Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Umhverfisverkfræðingur, EFLU verkfræðistofu

3 ALMENNT UM AFLÞYNNUVERKSMÍÐJU BECROMAL ICELAND

ALMENN LÝSING STAÐSETNINGAR

Aflþynnuverksmiðja Becromal Iceland ehf. er staðsett á skipulögðu iðnaðarsvæði á Krossanesi 4 á Akureyri. Verksmiðjuna og nánasta umhverfi hennar má sjá á mynd 1. Staðsetning Krossaness og verkmiðjunar frá Akureyri er sýnd á mynd 2.



Mynd 1 Verksmiðjunnar Becromal Iceland ehf.



Mynd 2 Horft yfir Akureyri í átt að verksmiðju Becromal á Krossanesi (fjærst hægra megin)

REKSTUR OG STJÓRN

Þann 31. desember 2016 var mönnun hjá Becromal eftirfarandi:

- 107 starfsmenn voru í fullu starfi;
- Í stjórn sat Helmut Schilling.
- Stjórnendur fyrirtækisins voru: Emanuele Saiu, framkvæmdastjóri, Rúnar Sigurpálsson fjármálastjóri og Christopher Tucker rekstrarstjóri
- Ovidio Barroso gæðastjóri, Gunnar Gunnarsson viðhaldsstjóri og Guðfinnur Árnason framleiðslustjóri.
- Urszula Tlolka stýrir heilsu, öryggis- og umhverfismálum og Þórdís Huld Vignisdóttir er ÖHU sérfræðingur.

Fyrirtækið rekur þar að auki eigin rannsóknarstofu sem annast gæðaeftirlit með framleiðslunni auk annarra mælinga í starfseminni.

STARFSLEYFI BECROMAL ICELAND EHF.

Starfsleyfi Becromal Iceland ehf. var gefið út 14. júlí 2009 og gildir til 31. desember 2021.

Útgefandi starfsleyfisins er Umhverfisstofnun á grundvelli reglugerðar 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfseminni í samræmi við ákvæði reglugerðar um mengunarvarnareftirlit.

Starfsleyfi Becromal Iceland ehf. kveður á um að fyrirtækið skuli færa grænt bókhald. Skv. reglugerð 851/2002 um grænt bókhald fellur fyrirtækið undir fyrirtækjaflokk 6.7, sem eru „*Stöðvar þar sem fram fer yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysiefnum, einkum pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnspétting, meðhöndlun eða þakning með límvatni, málun, hreinsun eða gegndreypping og meira en 150 kg eru notuð á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.*“

Efirlit Umhverfisstofnunar fór fram 1.11.2016 og voru niðurstöður þess eftirfarandi:

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningu og skildaga samkvæmt því. Engar breytingar hafa verið gerðar á starfseminni frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar. Hráefnageymsla var skoðuð og hafa þar engar breytingar orðið frá síðasta eftirliti. Fljótandi efni stóðu í lekabyttum.

Magn þurrefna í hráefnageymslu var innan marka starfsleyfis. Níu kíló af kvikasilfri voru geymd í læstum skáp við útvegg hráefnageymslunnar og var magn þeirra innan marka starfsleyfis. Stefnt er að því að notkun kvikasilfurs í framleiðslunni verði hætt náinni framtíð. Sýrutankar á útisvæðum eru rétt merktir og aðgengi að þeim stýrt.

Mælingar á COD og svifögnum í frárennsli voru gerðar í janúar 2016 og voru niðurstöður mælinga innan marka starfsleyfis. Samtímis var gerð mæling á kvikasilfri skv. grein 3.1 í starfsleyfi og voru niðurstöður þeirra mælinga einnig vel innan marka starfsleyfis. Rekstaraðili hefur uppfyllt ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalinn.

Þjálfun starfsmanna er í góðum farvegi. Ítarleg starfsmannahandbók er til staðar sem fjallar um alla þætti sem varða starfsemina, meðferð spilliefna, öryggi og annað sem starfsmenn þurfa að kunna skil á. Námskeið er haldið fyrir alla starfsmenn þar sem farið er yfir innihald handbókarinnar og annað sem henni við kemur. Öryggisblöð eru til staðar, bæði á íslensku og á ensku.

Engar kvartanir eða óhöpp hafa komið upp frá því í síðasta eftirliti, hvorki til rekstaraðila, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands né eftirlitsaðila.

4 LÝSING FRAMLEIÐSLUFERLA

Unnið er á vöktum allan sólarhringinn við framleiðsluna. Álþynnur koma á keflum erlendis frá til frekari vinnslu hjá Becromal. Svokallað „forming“ ferli eiga sér stað þegar áloxíð filma myndast á þynnunni eftir hún hefur farið í gegnum meðhöndlun með rafhúðun: ætingarferli. Áloxíð filman sem myndast á álþynnunni veitir hátt viðnám gegn rafspennu. Afurðin sem myndast við þetta ferli kallast aflþynna og er vel til þess fallin að geyma orku í rafmagnspéttum. Torfleiðniefni er myndað í því skyni að búa til hindrun á áloxíð lag filmunar. Aflþynnan er undin upp fyrir úttekt á gæðum framleiðsluvörunnar. Varan er síðan pökkuð og flutt skv. óskum viðskiptavina. Framleiðsluferlarnir krefjast þess að mikil endurnýting eigi sér stað í ferlinu, t.d. eru framleiðslulausnir hreinsaðar með síum og endurnýttar. Engin efni úr framleiðslunni verða eftir á afurðinni.



Mynd 3 Vélasalur Becromal - formunarvél.

Tafla 4.1: Notkun auðlinda og hráefna árin 2014, 2015 og 2016

Framleiðslumagn	Magn 2014	Magn 2015	Magn 2016
Álþynnur (heildarmagn) (inn) [kg]	1.781.555	1.747.000	1.536.703
Rafhúðaðar aflþynnur (út) [kg]	1.985.818	1.947.301	1.713.159
Álfosfat (aukaafurð - út) [kg]	1.256.070	1.172.050	1.089.055
Vatn og orka	Notkun 2014	Notkun 2015	Notkun 2016
Raforka [kWst]	542.182.000	534.938.000	476.674.000
Heitt vatn (jarðhitavatn) [m ³]	0 (1)	0 (1)	0 (1)
Kalt vatn [m ³]	857.336	566.378	529.370
- Framleiðsla [m ³]	835.550	546.580	506.180
- Önnur vatnsnotkun [m ³]	21.786	19.798	23.190
Sjór til kælingar (áætlað hámarks magn) [m ³]	9.637.653	9.443.280	8.310.044

(1) Heitt vatn er kalt neysluvatn sem er hitað upp í varmaskipti með hita frá framleiðsluvélum. Jarðhitavatn frá hitaveitu væri ekki notað nema eigin framleiðsla myndi ekki duga til.



Mynd 4 Frágangur og pökkun.

Tafla 4.2: Efnanotkun árin 2014, 2015 og 2016, miðað við innkaup skv. fjárhagsbókhalda.

<u>Efni í framleiðslu</u>	<u>Helstu efnasambönd</u>	<u>Hlutverk</u>	<u>2014</u>	<u>2015</u>	<u>2016</u>
Lífræn sýra, min. 88% [kg]	Lífræn sýra, $C_xH_y(COOH)_z(s)$	Hráefni í rafhúðunarlausn	38.000	28.210	27.030
Saltsýra, 30 - 32% [kg]	HCl	Afjónun	41.316	51.952	35.307
Vítissódi, 33% [kg]	NaOH _(l)	Afjónun og jöfnun vinnslu- vatns og hreinsivatns	132.780	208.473	186.789
Fosfórsýra, 75% [kg]	H ₃ PO ₄	Notað í rafhúðunarferli	702.960	698.433	677.912
Ammóníumhýdroxíð 24,5% [kg]	NH ₄ OH	Sýrustigsjöfnun á rafhúðunarlausn	90.680	65.431	52.823
Bórsýra Duft [kg]	H ₃ BO ₃	Rannsóknarstofa/vélahreinsun	1.250	1.250	1.250
Kvikasilfur (99,9 %) [kg]	Hg	Notað við rafhleðslu (electric contact). Er í lokuðu kerfi.	20	30	20

<u>Önnur efnanotkun</u>	<u>Hlutverk</u>	<u>2014</u>	<u>2015</u>	<u>2016</u>
Ultrasil 110 [kg]	Hreinsun/skolun á finsíu	483	506	460
Ultrasil 78 [kg]	Hreinsun/skolun á finsíu	1.248	1.320	1.176
Ultrasil 60A [kg]	Hreinsun/skolun á finsíu	3.220	3.920	3.696
Jarðefnaeldsneyti [lítrar]	Ökutæki/vélar	7.290	8.176 Dísel 488 Bensín	Dísel: 6.810 Bensín: 552 Dísel á tæki: 711
Frostlögur [lítrar]	Loftræstikerfi/Snjóbræðsla eða frostvarnir á lögnum	-	400	10
Rauðspritt [lítrar]	Þrif	112	90	108
Olíuhreinsir [lítrar]	Vélar/viðhald	61	190	233
Mótorolía [lítrar]	Vélar/viðhald	80	148	9
Saltpéturssýra [lítrar]	Rannsóknarstofa	30	60	78
Oxalsýra [kg]	Rannsóknarstofa	-	27	35
Vanadate Molybdate hvarfefni [lítrar]	Rannsóknarstofa	-	500	300
Silfur nítat [lítrar]	Rannsóknarstofa	-	2	4
Ammoníaklausn 24,5% [lítrar]	Rannsóknarstofa	-	5	5

Tafla 4.2 frh : Magn úrgangs árin 2014, 2015 og 2016 - EU úrgangskóði

Úrgangur til förgunar	2014	2015	2016
Óflokkaður og blandaður úrgangur til urðunar [kg] 20 03 01	12.860	13.260	11.550
Plast ekki hæft til endurvinnslu 17 02 04 * [kg]	1.140	1530* (25% af flokkuðu plasti sem var óendurvinnanlegt)	1782* (25% af flokkuðu plasti sem var óendurvinnanlegt)
Úrgangur til endurvinnslu	2014	2015	2016
Ál [kg] 20 01 40	227.990	205.760	188.730
Kopar [kg] 20 01 40	-	25.735	12.515
Brotajárn og málmar járn [kg] 20 01 40	7.100	1.360	3540
Hreint timbur [kg] 17 02 01	2.980	9.510	8.800
Blandað timbur [kg] 15 01 03	11.010	4.060	2.920
Sundurtekin raftæki [kg] 16 02 14 and 07 02 99	348	3	-
Bylgjupappi [kg] 20 01 01	17.860	23.850	9.571
Innpökkunarappír [kg] 20 01 01	2.130	280	1.880
Plast og harðplast [kg] 20 01 39	12.460	4.500	7.088
Lífrænn eldhúsúrgangur [kg] 20 01 08	2.180	3.060	1.590
Gler[kg] 20 01 02, 15 01 07, 17 02 02	8.590	960	712
Spilliefni	2014	2015	2016
Saltsýra [kg] 06 01 06*	41	2	
Silfurnítrat þynnt [kg] 16 05 06 * Silfurnítrat [kg]	150	302	277
Kvikasilfur [kg] 16 01 08*	34	33	59 ²
Flúrperur [kg] 20 01 21*	125	410	60
Rafhlöður [kg] 20 01 33*	14	13	190
Olíuúrgangur [l] 13 01 07 * (5.832 kg)	6.750 ¹ (5.832 kg)	2.150 (1.868 kg)	1750
Olíumengaðar síur [kg] 15 02 02 *	-	66	330
Umbúðir utan af hættulegum efnum 15 01 10*	412	282	295
Sandur úr síum [kg] 07 07 10 *	-	1.073	680
Umbúðir með olíumengun [kg] 15 02 10*	25	20	41

¹Spennaolía sem sótt var af Olíudreifingu

² Kvikasilfur fjarlægð af vélum vegna útskiptingar fyrir hættuminni rafskaut



Mynd 5 Framleiðslusalur verksmiðjunnar.

5 SKÝRINGAR Á UMHVERFISÞÁTTUM

Að neðan eru frekari skýringar á helstu umhverfisþáttum í rekstri Becromal Iceland ehf., sbr. 6.gr. rg. 851/2002 um grænt bókhald.

FRÁRENSLI

Frárennsli frá verksmiðjunni samanstendur aðallega af lífrænum og ólífrænum sýrum úr skolun og hreinsun á síum. Síurnar eru notaðar við að hreinsa innri vinnslustrauma rafhúðunarferla og við hreinsun á afjónuðu vatni sem notað er við formeðhöndlun á álþynnum, blöndun á sýru og framleiðslulausnum og við þrif á vélum. Niðurstöður ársfjórðungslegra vöktunarmælinga á árinu 2016 voru sendar Umhverfisstofnun.

VATN OG SJÓR

Við framleiðsluferlin myndast mikill varmi og þarf mikið magn af vatni til kælingar. Kælivatn fyrir verksmiðjuna er haft í lokuðu ferli sem er kælt niður með sjó sem tekinn er í gegnum sandsúbeð austan við verksmiðjuna. Eftir kælingu er sjónum skilað aftur til sjávar og er þá hitastig hans á bilinu 25-35°C. Um er að ræða tvöfalt lokað kælikerfi og kemst sjórinn því ekki í neina snertingu við mengandi efni í ferlinu.

Notkun Becromal á köldu vatni er nú um 75 m³/klst. en hún var áður um 115 m³/klst. Becromal notar varma frá kæliferlum til upphitunar á húsnæði verksmiðjunnar og fyrir snjóbræðslu á plönnum.

LOFTMENGUN

Afsogsháfar eru staðsettir fyrir ofan rafhúðunarböðin til að fjarlægja gufu og hita sem myndast yfir böðunum. Samkvæmt starfsleyfi má styrkur ammóníaks ekki vera hærri en 10 ppm í útblástursrörinu. Becromal gerði mælingar á styrk ammóníaks í samstarfi við EFLU í mars 2016, bæði í útblástursrörinu og á svæði fyrir utan verksmiðjuna. Niðurstöður mælinga sýna að styrkur ammóníaks er undir 10 ppm í öllum tilvikum. Mælingarnar verða endurteknar snemma árs 2017. Ekkert ryk myndast í starfsemi Becromal.

HÁVAÐI

Hávaði af rekstri aflþynnuverksmiðjunnar er hverfandi enda ekki um hávaðasama framleiðslu að ræða. Eftirlitsaðili hefur ekki farið fram á mælingar á hávaða frá Becromal. Hins vegar eru gerðar kröfur í lið 2.12 í starfsleyfi um að kröfum í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða sé fylgt.

Til að tryggja að starfsemin uppfylli kröfur reglugerðar voru gerðar hljóðmælingar í febrúar 2016.

Hávaði mældist undir $L_{eq} = 70$ dB(A) á verksmiðjulóðinni. Vegna landslags og fjarlægðar verksmiðjunnar frá íbúðabyggð er hægt að áætla að hávaðastig við íbúðabyggð fari ekki yfir $L_{eq} = 40$ dB(A) að næturlagi vegna hávaða frá starfsemi verksmiðjunnar.

FASTUR ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

KVIKASILFUR

Kvikasilfur er notað til að leiða rafstraum frá kyrrstæðum hluta vélarinnar yfir í snúningshluta vélarinnar sem snýst með álþynnunni. Um er að ræða fljótandi kvikasilfur sem er hluti af lokuðu ferli og kemst málmurinn ekki í snertingu við loft, frárennsli eða fastan úrgang. Þar sem notkunareiginleikar kvikasilfursins minnka með tímanum er nauðsynlegt að endurnýja hluta þess árlega. Kvikasilfur sem tekið er úr ferlinu er sent til viðurkenndra móttökuaðila fyrir spilliefni hérlandis. Þess ber að geta að öll meðhöndlun á kvikasilfri innan verksmiðjunnar er í höndum sérþjálfaðra aðila og í lokuðu umhverfi sem er til þess ætlað að útiloka að kvikasilfur losni út í umhverfið.

Í samræmi við umhverfismarkmið fyrirtækisins fyrir árið 2016 var á árinu hafið ferli sem miðar að því að hætta notkun kvikasilfurs í framleiðslunni.



Mynd 6 Framleiðslusvæði.

ÚRGANGUR

Stefnt er að minnkun á magni úrgangs með aukinni umhverfisvitund starfsfólks. Flokkun á úrgangi er hluti af almennu verklagi innan verksmiðjunnar.

Endurvinnsluhlutfall á úrgangi sem sendur var til Hringrásar á árinu 2016 er sýndur í töflu að neðan.

Tafla 5.1: Endurvinnsluhlutfall úrgangs 2016

Undirflokkar	Undirflokkar	Endurvinnsluhlutfall
Málmar	Gráál	45%
Málmar	Kaplar. PVC/Plast	99%
Málmar	Brotajárn	99%
Hreinn úrgangur úr áli		99%
Bylgjupappi	Pökkun	99%
Plast	Pökkun	98%
Plast	Annað plast	97%
Lífrænn úrgangur	Lífrænn úrgangur	100%
Timbur	Timbur-blandað	100%
Timbur	Timbur-hreint	100%
Úrgangur	Blandaður úrgangur	0%

Spilliefni

Flest hættuleg spilliefni sem innihalda efni, sýru eða olíu eru ekki hentug til endurvinnslu, Hringrás tekur við öllum úrgangi sem kemur frá Becromal og sér um að endurvinna eins mikið og hægt er.

Taflan að neðan sýnir hlutfall spilliefna sem send voru til Hringrásar á árinu 2016 og fóru í endurvinnslu. Breyting frá árinu 2015 er að endurvinnsluhlutfall kvikasilfurs og sýru er 100% skv. upplýsingum frá Hringrás.

Tafla 5.2: Endurvinnsluhlutfall spilliefna 2016

SPILLIEFNI	Tæki og fast.úrg.með kvikas.	100%
SPILLIEFNI	Sýra smálát	100%
SPILLIEFNI	Smurolía fljótandi	99%
SPILLIEFNI	Rafgeymar	99%
SPILLIEFNI	Olíumengaðar umbúðir	99%
SPILLIEFNI	Byggingatæki	98%
SPILLIEFNI	Annar upplýsinga og fjarskipta	98%
SPILLIEFNI	Annar ljósabúnaður	98%
SPILLIEFNI	Allar stærðir íláta	99%

Umhverfisatvik


Engin umhverfisatvik voru skráð á árinu 2016.

6 VÖKTUN FRÁRENSLIS

Samfelld vöktun sýrustigs í frárennslisvatni.

Vöktun á sýrustigi hófst á árinu 2010. Um er að ræða samfelldar mælingar og samkvæmt starfsleyfi má sýrustig vera á bilinu 6,5 – 9,5. Árlega eru gerðar mælingar á heildarfrárennslis og afjónuðu skolvatni auk þess sem mælingar á vinnsluvatni eru gerðar ársfjórðungslega samkvæmt vöktunaráætlun umhverfisstjórnunarkerfisins, sbr. mynd 7

Ársfjórðungs mælingar í frárennslisvatni árið 2016





Mynd 7 COD, svifagnir og fosfór í frárennslisvatni 2016.

Tafla 6.1: Niðurstöður frárennismælinga 2014, 2015 og 2016


Vöktun frárennslis	Hámarkslosun skv. starfsleyfi	Mælt meðalgildi árið 2014	Mælt meðalgildi árið 2015	Mælt meðalgildi árið 2016
COD	500 mg/l	24,1 mg/l	25,4 mg/l	19,9 mg/l
Svifagnir	220 mg/l	44,2 mg/l	48,2 mg/l	47,5 mg/l
Vöktun sýrustigs árið 2016	Meðal sólahrings sýrustig (pH) var innan starfsleyfismarka (6,5 – 9,5) allt árið 2016.			

Becromal rekur jöfnunartank sem getur geymt vinnsluvatnið ef rafmagn fer af eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður koma upp. Tankurinn er í lokuðu kerfi, og pH gildi skólpsins er jafnað út um leið og það er komið í tankinn. Árangur af rekstri jöfnunartanksins sem byggður var til að tryggja jöfnun frárennslis var einnig að notkun á sýru og sóða til jöfnunar lækkaði um 30%.


Mynd 8 Sýrustig frárennslis 2016.



Mynd 9 Mánaðarmeðaltal á leiðni í frárennslis 2016.



Mynd 10 Hlutfall mánaðar (%) þar sem losun er innan marka fyrir frárennslu.

7 FRAMFARIR OG MARKMIÐ Í UMHVERFISMÁLUM

ISO 14001

Vottun á umhverfisstjórnunarkerfi Becromal skv. ISO er staðfesting á árangri félagsins í umhverfismálum.

Becromal stefnir á að fá vottun á ISO 14001 stjórnkerfi skv. nýjum staðli 14001:2015. Úttekt og vottun mun vera gerð af DNV í Þýskalandi. Becromal tilheyrir hópi fyrirtækja sem tilheyra EPCOS AG, og fylgir þannig viðmiðum hópsins á sviði heilbrigðismála auk öryggis- og umhverfisstjórnunar.

Að fenginni vottun skv. ISO 14001:2015 munu innri úttektaraðilar EPCOS taka reglega út starfssemi fyrirtækisins og munu við þær úttektir vera samkvæmt starfslagi HSE deildar EPCOS en þær eru í samræmi við OHSAS 18001, ISO 14001 og ISO TS 16949.

Fyrirtækið EPCOS AG varð til úr íhlutadeild SIEMENS sem að var stofnuð utan um íhlutaframleiðslu samsteyppunnar á árinu 1968. EPCOS, sem hefur höfuðstöðvar í München í Þýskalandi, sérhæfir sig á þremur sviðum, aflþéttum og spólum, íhlutum úr keramik og íhlutir í stýringar með yfirborðshljóðbylgjum. Viðskiptasvið EPCOS skiptast í mismunandi einingar, allt eftir framleiðsluvörum. Vörunúmer fyrirtækisins eru nú um 40.000 og viðskiptavinir eru um 15.000 talsins. Þróunardeildir, framleiðsla og dreifing framleiðsluvöru EPCOS eru í Evrópu, Norður- og Suður Ameríku og á Kyrrahafs- og Asíusvæði.

EPCOS er eitt fárra alþjóðlegra fyrirtækja sem getur boðið viðskiptavinum sínum flestar gerðir óvirkra íhluta frá einum stað.

MÆLANLEG MARKMIÐ BECROMAL

- Birgjamat var unnið. Átta birgjar efnavöru og þjónustu svöruðu beiðni Becromal um upplýsingar um umhverfisstjórnunarkerfi sín. Þrír þeirra voru ekki með vottað kerfi, en höfðu inleitt umhverfisstefnu og einfalda úrgangsstjórnun. Fimm skiluðu vottunarskírteinum skv. ISO 14001 eða EMAS. Verkefninu verður áframhaldið.
- Magn á prentpappír minnkaði úr 1.500 kg á árinu 2015 í 1.276 kg á árinu 2016. Útprentun er mæld með prentumsjónarkerfi.
- Útskipting á kvikasilfri – Í dag eru 23 vélar Becromal með rafskaut sem að ekki innihalda kvikasilfur. Klárað verður að skipta út kvikasilfri á öðrum 37 vélum fyrir lok nóvember 2017 og notkun kvikasilfurs hætt. Becromal mun þannig ná að fjarlægja umhverfisþátt úr daglegri starfsemi sinni og minnka áhættu vegna notkunar á hættulegum efnum í starfseminni.
- Á árinu 2016 hlutu allir starfsmenn Becromal þjálfun í heilbrigðis-, öryggis-, og umhverfismálum. Markmið þjálfunarinnar var að auka meðvitund starfsmanna og rifja upp kunnáttu þeirra á umhverfismálum tengdum daglegum störfum. Þjálfun mun fara fram árlega í formi fyrirlestra. Þjálfun nýrra og eldri starfsmanna var þróuð í samstarfi við þjálfunardeild fyrirtækisins

- Becromal hefur í hyggju að meta að nýju umhverfisáhrif starfseminnar á lífríkið í sjónum í nánd við verksmiðjuna. Fyrri athugun var unnin í ágúst 2012 í samvinnu við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Þar voru margir þættir kannaðir, og var einn þeirra að kannað var álit almennings á mögulegum umhverfisáhrifum. Engar kvartanir komu fram og eins voru engar sýnilegar breytingar á vistsvæðum eða lífríki sem rekja má til starfsemi Becromal.
- Kolefnisjöfnun. Becromal stefnir að því að lágmarka umhverfisáhrif rekstursins og sýna fram á skuldbindingu sína gagnavart umhverfinu. Því hyggst Becromal koma á laggirnar verkefni sem jafnar losun á kolefni vegna flugferða starfsmanna fyrirtækisins. Verkefnið mun vera með þáttöku annara aðila á svæðinu og mun megin verkefnið vera gróðursetning trjáplantna til að binda kolefni sem samsvarar losun frá starfsemi fyrirtækisins.